Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins 30. júní 2026

F R Á S Ö G N

af fundi Vestnorræna ráðsins með DEEA-nefnd Evrópuþingsins í Brussel 22. júní 2026.

Árlegur fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins með þingnefnd Evrópuþingsins fór fram í Brussel 22. júní. Þingnefndin sinnir samskiptum Evrópuþingsins við Sviss, Noreg, Ísland og EES auk norðursins og er kölluð DEEA-nefndin. Af hálfu Alþingis sóttu fundinn Jón Gnarr, formaður Íslandsdeildar og formaður Vestnorræna ráðsins, og Hildur Edwald, ritari Íslandsdeildar. Fyrr hönd Færeyja sóttu fundinn Jørgen Niclasen, formaður færeysku landsdeildarinnar, og Poula Árnadóttir Lervig, ritari. Fyrir hönd Grænlands sóttu fundinn Pipaluk Lynge, formaður grænlensku landsdeildarinnar, og Jacob Bech Andersen, ritari. Helstu mál á dagskrá voru öryggismál og samvinna á norðurslóðum.

Formaður DEEA-nefndarinnar, David McAllister, bauð fulltrúa Vestnorræna ráðsins velkomna og lagði áherslu á mikilvægi hins reglubundna samtals milli Evrópuþingsins og Vestnorræna ráðsins. Hann sagði samstarf við vestnorrænu löndin hafa orðið sífellt mikilvægara í ljósi breyttrar öryggisstöðu í Norður-Atlantshafi og á norðurslóðum. Jón Gnarr, formaður Vestnorræna ráðsins, þakkaði fyrir boðið og sagði fundinn mikilvægan vettvang til að skiptast á upplýsingum og sjónarmiðum um eitt mikilvægasta svæði heims. Þá sagði hann frá tillögum Vestnorræna ráðsins um öryggismál sem samþykktar voru á síðasta ársfundi ráðsins.

David McAllister, sem einnig er formaður utanríkismálanefndar Evrópuþingsins, sagði Evrópuþingið leggja sífellt meiri áherslu á samstarf við norðurslóðir og undirstrikaði mikilvægi Íslands, Færeyja og Grænlands sem nánustu samstarfsaðila sambandsins. Hann ræddi einnig öryggismál, efnahagssamstarf og þróun samskipta við löndin þrjú. Þá ítrekaði hann stuðning Evrópusambandsins við sjálfsákvörðunarrétt Grænlendinga og sagði mikilvægt að ákvarðanir um framtíð Grænlands yrðu teknar af íbúum landsins.

Í umræðunum fór Jón Gnarr yfir helstu verkefni ráðsins á liðnu ári. Hann sagði breytta stöðu í alþjóðamálum hafa haft veruleg áhrif á starf ráðsins og að aukin áhersla hefði verið lögð á öryggi, mikilvæga innviði og vernd sæstrengja og fjarskiptakerfa. Hann nefndi einnig netárásir sem beinst hefðu að vestnorrænum samfélögum og lýsti yfir áhyggjum af aukinni spennu gagnvart Grænlandi. Vestnorræna ráðið hefði lagt ríka áherslu á að styðja sjálfsákvörðunarrétt Grænlendinga og efla samstarf ríkjanna þriggja á sviði öryggis og viðnámsþols. Þá var einnig lögð áhersla á mikilvægi þess að efla samstarf Evrópusambandsins og vestnorrænu landanna óháð stöðu einstakra ríkja gagnvart Evrópusambandinu. Fram kom að aukin samvinna væri öllum aðilum til hagsbóta í ljósi breyttrar stöðu á norðurslóðum.

Marie-Agnes Strack-Zimmermann, þingmaður Evrópuþingsins og formaður öryggis- og varnarnefndar Evrópuþingsins, og Marcos Perestrello, forseti NATO-þingsins, tóku þátt í umræðum um öryggi á norðurslóðum. Rætt var um að innrás Rússa í Úkraínu hefði gjörbreytt öryggisumhverfi Evrópu og norðurslóða. Aukin umsvif Kína á svæðinu og opnun nýrra siglingaleiða vegna loftslagsbreytinga væru að auka mikilvægi svæðisins enn frekar. Lögð var áhersla á að samstarf NATO og Evrópusambandsins væri lykilforsenda öryggis á norðurslóðum og auka þyrfti viðveru, eftirlit og samhæfingu á svæðinu. Fulltrúar Vestnorræna ráðsins bentu á mikilvægi þess að fjárfesta í öryggi og innviðum, ekki síst á sviði netöryggis og tæknimála. Rætt var um mikilvægi sýnileika NATO og aukinnar upplýsingagjafar til almennings um starf bandalagsins. Einnig var fjallað um hvernig loftslagsbreytingar og öryggismál væru sífellt nátengdari og að taka yrði mið af þeirri þróun við framtíðaráætlanir. Fulltrúar Grænlands lýstu þakklæti fyrir þann stuðning sem þeir hefðu notið frá Evrópusambandinu undanfarna mánuði og lögðu áherslu á mikilvægi áframhaldandi samstarfs á sviði öryggis og netvarna.

Claude Véron-Réville, sérstakur erindreki Evrópusambandsins gagnvart norðurslóðum, tók þátt í umræðum um stefnu Evrópusambandsins gagnvart norðurslóðum og sagði frá þróun norðurslóðastefnu sambandsins. Hún sagði Evrópusambandið hafa aukið áherslu á samstarf við nágrannaríki sín á norðurslóðum í ljósi breyttrar heimsmyndar. Öryggi væri nú skilgreint í víðum skilningi og næði jafnt til hernaðarlegra, efnahagslegra, stafrænna og loftslagstengdra áskorana. Fram kom að Evrópusambandið hygðist efla samstarf sitt við Ísland, Færeyjar og Grænland enn frekar og byggja á þeim samningum og samstarfsleiðum sem þegar væru fyrir hendi.

Margretha Jacobsen, varaformaður embættismannanefndar Norðurskautsráðsins, og Mika Aaltola, skuggaframsögumaður tilmæla Evrópuþingsins um diplómatíska stefnu og landfræðilega samvinnu ESB á Norðurskautinu (e. Shadow Rapporteur of the EP recommendation on The EU's diplomatic strategy and geopolitical cooperation in the Arctic), tóku þátt í umræðum um Norðurskautsráðið. Farið var yfir stöðu Norðurskautsráðsins nú þegar formennskutímabil danska konungsríkisins er hálfnað. Fram kom að starf ráðsins hefði tekið miklum breytingum eftir innrás Rússa í Úkraínu en þrátt fyrir það hefði tekist að halda áfram mikilvægu vísindasamstarfi og samstarfi um málefni íbúa norðurslóða. Lögð var áhersla á að Norðurskautsráðið væri áfram mikilvægasti vettvangur fjölþjóðlegs samstarfs á svæðinu. Í umræðunum var bent á mikilvægi frumbyggja og þátttöku ungs fólks í starfi ráðsins. Þá var lögð áhersla á að öryggi á norðurslóðum snerist ekki aðeins um hernað heldur einnig um náttúruvá, loftslagsbreytingar og öryggi samfélaga sem búa við sífellt öfgakenndara veður.

Að lokum var fjallað um vernd mikilvægra innviða. Thorwald Kaljo, sérfræðingur á aðalskrifstofu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um fjarskiptanet, netöryggi og traust, tók þátt í þeim umræðum. Hann sagði frá aðgerðum Evrópusambandsins til að styrkja vernd mikilvægra innviða, einkum sæstrengja, fjarskiptakerfa og stafrænna innviða. Hann kynnti nýjar aðgerðaráætlanir um vernd sæstrengja, dróna og netöryggi. Fram kom að Evrópusambandið væri að efla viðbúnað sinn gagnvart fjölbreyttum ógnum sem tengjast bæði öryggis- og loftslagsbreytingum. Í umræðum vakti Jón Gnarr athygli á hraðri þróun gervigreindar og þeirri áskorun sem hún skapaði í tengslum við upplýsingaóreiðu og lýðræðislega umræðu. Þá var rætt um gagnaver, varðveislu gagna og mikilvægi þess að efla evrópska getu á sviði stafrænnar innviðauppbyggingar.

Fundarmenn voru sammála um að öryggi norðurslóða byggðist í auknum mæli á nánu samstarfi ríkja, öflugum innviðum og sameiginlegri sýn á viðbrögð við loftslagsbreytingum, netógnum og breyttu öryggisumhverfi. Jafnframt var lögð áhersla á að áframhaldandi reglulegt samstarf á milli Vestnorræna ráðsins og Evrópuþingsins væri mikilvægur þáttur í því samstarfi.

Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins fundaði einnig þann 22. júní. Á fundi sínum undirbjó nefndin sig fyrir fund með DEEA-nefnd Evrópuþingsins, fjallaði um ársfund ráðsins sem fram fer á Akureyri í september og ræddi innri málefni ráðsins. Þá voru lagðar fram tvær tillögur til kynningar sem ætlunin er að leggja fram á ársfundi ráðsins, sú fyrri snýr að velferð ungs fólks í vestnorrænu löndunum og hin seinni að samstarfi samtaka hinsegin fólks í vestnorrænu löndunum.

Forsætisnefnd fundaði einnig með sendiherra Íslands, ræðismanni Færeyja og ræðismanni Grænlands í Brussel. Á fundinum sögðu fulltrúar landanna frá því sem þeir eru að vinna að og sambandi landanna við Evrópusambandið.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu www.vestnordisk.is.